

Reykjavík, 12. október 2020


Dómsmálaráðuneyti
Skuggasundi 3
101 Reykjavík
dmr@dmr.is

Efni: Umsögn SVP – samtaka verslunar og þjónustu um drög að frumvarpi til breytinga á áfengislögum, sala á framleiðslustað.

Hinn 28. september sl. birti dómsmálaráðuneytið drög að frumvarpi til breytinga á áfengislögum, lögum um verslun með áfengi og tóbak og lögum um aukatekjur ríkissjóðs á samráðsgátt stjórnvalda, Ísland.is. Í grundvallaratriðum er annars vegar lagt til að smásöluaðilum verði gert heimilt að selja neytendum áfengi í gegnum netverslun og hins vegar að smáframleiðendum áfengs öls verði gert heimilt að selja slíkt áfengi til neytenda á framleiðslustað. Frumvarpsdrögin hafa verið tekin til skoðunar á vettvangi SVP – Samtaka verslunar og þjónustu. Í grundvallaratriðum eru samtökin jákvæð í garð þeirra breytinga sem eru boðaðar enda líta þau á frumvarpið sem fyrsta skrefið í afnámi einkaréttar ríkisins til smásölu áfengis. Þó telja samtökin ekki nægilega langt gengið.

Nauðsynlegar breytingar

Verslunarhættir og verslunarumhverfi eru að taka róttækum breytingum, m.a. þar sem netverslun hefur aukist verulega á kostnað hefðbundinnar smásöluverslunar. Fyrir um tíu árum nam hlutdeild netverslunar af smásölu um 5,1% í Bandaríkjunum en náði um 16% hlutdeild árið 2019. Í Evrópu nam velta í netverslun um 9% heildarveltu í smásölu árið 2015 en búist var við að hún mundi nema nálega 18% á þessu ári. Hér á landi hefur þróunin hingað til ekki verið jafn hröð en er þó að þokast í sömu átt með dálítilli tímatöf. Það er álit helstu markaðsgreinenda að í ljósi heimsfaraldurs COVID-19 muni hlutdeild netverslunar aukast mun hraðar en áætlanir gerðu ráð fyrir. Í þessu samhengi er fróðlegt að horfa til þróunar sem Hagstofa Íslands hefur mælt undanfarin ár:



Í ljósi framangreinds mun sala áfengis í innlendri netverslun ekki aðeins draga úr ríkjandi ójafnræði á sviði verslunar með áfengi heldur einnig tryggja nauðsynlega samræmingu og aðlögun að nýjum verslunarháttum. Án breytinga á núverandi fyrirkomulagi er hætt við staðan verði einfaldlega sú að netverslun með áfengi erlendis frá muni aukast enn frekar en orðið er og algerlega án innleन्द्रar þátttöku. Þar með yrði hagsmunum innleन्द्रa launþega, framleiðenda og söluaðila varpað fyrir róða.

Fjölgun þjónustupáttá ferðaþjónustu

Í 5. gr. frumvarpsdraganna er lagt til að handhöfum framleiðsluleyfa verði heimilt að selja áfengt öl á framleiðslustað að því tilskyldu að framleiðslan sé undir tilteknum mörkum. Að mati SVP er sú heimild ekki einvörðungu skynsamleg þegar litið er til hagsmuna smáfyrirtækja heldur einnig hagsmuna ferðaþjónustunnar. Það er ljóst að ferðaþjónusta er afar mikilvæg forsenda efnahagslegrar viðspyrnu að heimsfaraldri COVID-19 afstöðnum. Það er oft og tíðum hluti af þjónustuframboði til ferðamanna að þeir geti heimsótt áfengisframleiðendur og keypt af þeim vörur. Tillaga 5. gr. mun stuðla að aukinni fjölbreytni í ferðaþjónustu sem aftur mun bæta samkeppnisstöðu ferðaþjónustu á Íslandi.

Of lítið skref

Þrátt fyrir framangreint komast SVP ekki hjá því að gera athugasemdir við hve skammt er í raun gengið með frumvarpinu.

Að undanfögnu hafa samtökin talið hyggilegt, í ljósi kringumstæðna, að smásala áfengis verði gefin frjálts í nokkrum skrefum sem verði tekin á 3–7 árum. Hefur hugsunin verið sú að tekin yrðu fyrirfram skilgreind skref og tíminn á milli þeirra verði nýttur til að safna reynslu sem leggja mætti til grundvallar ákvarðanatöku um næstu skref. Að óbreyttu munu frumvarpsdrögin ekki hafa grundvallarbreytingar í för með sér. Hafa samtökin t.a.m. lagt til að opnun heimildar til sölu á öli og léttvíni í sérverslunum verði hluti af fyrsta skrefinu sem tekið yrði. Ef af því yrði mundi a.m.k. skapast raunverulegt tækifæri til að meta áhrif afnáms einkaréttar ÁTVR á smásölu áfengis.

SVP hafa verið þeirrar skoðunar að fyrirsjáanleiki og tækifæri til frekari umræðu geti verið afar gagnleg. Því væri eðlilegt að frekari skref verði skilgreind og kunngerð. Öðrum kosti er hætt við að umræða um fyrirkomulag smásölu áfengis fái lítt þroskast með eðlilegum hætti en því má halda fram að umræðan sé nokkuð stöðnuð.

Í ljósi framangreinds leggja SVP til að við frumvarpið verði bætt ákvæðum sem heimila rekstur sérverslana með öl og léttvín.

Virðingarfyllst,
f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



Andrés Magnússon
framkvæmdastjóri